

Nr. 264

23. mars 2007

## AUGLÝSING

**um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar  
á auglýstri tillögu að breyttu deiliskipulagi.**

*Fróðaþing 20. Breytt deiliskipulag skv. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 28. nóvember 2006 tillögu að breyttu deiliskipulagi á lóðinni nr. 20 við Fróðaþing.

Í breytingunni felst að bílastæði á lóð eru færð norður fyrir húsið í stað þess að vera vestan við það. Uppdrættir eru í mkv. 1:500 og 1:100 gerðir í maí 2006.

Skipulagsnefnd samþykkti að kynna tillöguna fyrir lóðarhöfum Fróðaþings 22, 26, 28, 30, 32, 34, 36, 38, 40 og 42. Kynningartímanum lauk 25. júlí 2006. Athugasemdir og ábendingar bárust frá lóðarhöfum Fróðaþings 40, dags. 17. júlí 2006.

Á fundi skipulagsnefndar 8. ágúst 2006 var tillagan lögð fram að nýju ásamt áður nefndri athugasemd. Með tilvísan í framkomna athugasemd var samþykkt að senda umrædda tillögu að nýju í kynningu til lóðarhafa Fróðaþings 17, 18, 24 og 25. Kynningartímanum lauk 2. október 2006.

Á fundi skipulagsnefndar 3. október 2006 var erindið lagt fram að nýju ásamt áður nefndum ábendingum og athugasendum. Þar var málínu frestað og bæjarskipulagi falið að taka saman umsögn varðandi innsendar athugasemdir.

Á fundi skipulagsnefndar 7. nóvember var erindið lagt fram að nýju ásamt umsögn bæjarskipulags dags. 18. október 2006 og samþykkt og vísað til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Á fundi bæjarstjórnar 28. nóvember 2006 var tillagan samþykkt ásamt ofangreindri umsögn.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.  
Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 23. mars 2007.*

**Smári Smárason** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2007